

**Nd.**

**186. Frumvarp til laga**

**[131. mál]**

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason, Sverrir Júlíusson,  
Matthías Á. Mathiesen.

**1. gr.**

53. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 1. gr., 1. mgr. 2. gr. og 3. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 4. gr., ásamt frádráttar-ákvæðum 14. gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal af fjármálaráðherra, að fengnum tillögum kauplagnsnefndar, hagstofustjóra og rikisskattstjóra.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1970.

**Greinargerð.**

Í gildandi lögum um tekju- og eignarskatt eru ákvæði um sérstakan frádrátt til handa sjómönnum. Í fyrsta lagi er um að ræða svonefndan hlíðarfatafrádrátt, sem nemur 500 kr. á mánuði, og miðast frádrátturinn við þann vikufjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda. Þá fá sjómenn einnig sérstakan frádrátt, 3000 kr. fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á íslenskum skipum ekki skemur en sex mánuði af skattárinu.

Tvennt hefur orsakað þessi sérstöku skattfríðindi sjómanna. Annars vegar, að Alþingi hefur viljað viðurkenna sérstöðu þessarar atvinnustéttar meðal þegna þjóðfélagsins. Sérstöðu vegna langtíma fjarveru þeirra frá heimilum sínum, erfiðrar vinnuástöðu og sérstakrar hættu í starfi. Hins vegar hafa ákveðnar breytingar Alþingis á þessum ákvæðum laganna orðið til þess að leysa viðkvæm deilumál sjómanna og útvegsmanna.

Þar eð lögín ákveða frádráttarupphæðina í krónum, má ljóst vera, að gildi þessara fríðinda hefur rýrnað. Því er lagt til með frv. þessu, að frádráttarupphæðir þessar séu háðar breytingum í samræmi við ákvæði 53. greinar þessara laga um skattvísitölu.